

## Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn á Teams 22. október 2024, kl. 16:00

### Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður  
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps,  
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps  
Haraldur Þór Jónsson, oddviti í Skeiða og Gnúpverjahreppi  
Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri í Bláskógabyggð í forföllum Helga Kjartanssonar.

Einnig sátu Anný Ingimarsdóttir og Gunnlaug Hartmannsdóttir deildarstjórar fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.  
Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

### 1. Drög að fjárhagsáætlun 2025.

Deildarstjórar SVÁ kynntu drög að fjárhagsáætlun ársins 2025 vegna hvorrar deildar fyrir sig, velferðarþjónstu og skólþjónustu. Deildarstjórar hafa við gerð fjárhagsáætlunar yfirfarið rauntölur rekstrar yfirstandandi árs og metið forsendur rekstrar árið 2025. Gert er ráð fyrir 12 starfsmönnum í 11,3 stöðugildum í heild á árinu 2025. Samkvæmt stofnsamningi var ætlunin að meta kostnað við málefni fatlaðs fólks á árinu 2024 og meta hvort að taka þurfi betur tilliti til þess kostnaðar við skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga.

Stjórn samþykkir að leggja til við aðalfund að mati á kostnaði við málefni fatlaðs fólks verði frestað og verði kostnaður metinn á árinu 2025.

Deildarstjórar munu vinna áfram að þeim drögum að fjárhagsáætlun sem hér hafa verið lögð fyrir á grundvelli þeirra athugasemda sem stjórnarmenn settu fram.

Fjárhagsáætlun verði lögð fyrir fund stjórnar næstkomandi mánudag og svo í beinu framhaldin fyrir aðalfund til staðfestingar en aðalfundur verður haldinn þriðjudaginn 29. október.

### 2. Húsnæðismál Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings

Á síðasta fundi stjórnar var samþykkt að stjórnarmenn myndu kanna í sínum sveitarfélögum varðandi það hvort að sveitarfélögin geti boðið húsnæði fyrir þjónstuna. Málið rætt og svo virðist vera sem mögulegt sé að bjóða húsnæði á nokkrum stöðum.

Stjórn samþykkir að fela formanni að ræða við eigendur núverandi húsnæðis um áframhaldandi leigu enda engin umræða verið tekin um nauðsyn þess að flytja starfseminna.

### 3. Önnur mál

- a) Deildarstjóri velferðarþjónustu gerði grein fyrir því að nýr félagsráðgjafi taki til starfa þann 1. nóvember n.k.
- b) Lagt fram til kynningar bréf frá yfirlækni og hjúkrunarstjóra Heilsugæslu Hsu í Laugarási. Í bréfinu er óskað eindregið eftir því að starfsstöð Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvísi flytjist á Flúðir um leið og heilsugæslan flyst þangað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:57